

**Fundargerð stjórnar BÍS 05/2012. Hátíðarfundur
miðvikudaginn 22. febrúar 2012 kl. 16:00 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110
Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi og Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Gestir:

Stjórnir og starfsmenn BÍS frá ýmsum tímum og stjórn Skátasambands Reykjavíkur.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna á þennan hátíðarfund í tilefni 100 ára skátastarfs á Íslandi.
2. Afhjúpun minnisvarða: Fundarmenn fluttu sig út að steinunum þremur fyrir framan Skátamiðstöðina og þar afhjúpaði BB með hjálp tveggja ungra skáta, Tómasar Snæs Jónssonar, Árbúum, og Andreu Dagbjartar Pálsdóttur, Mosverjum, skjöld í tilefni þess að í ár eru 100 ár liðin frá upphafi skátastarfs á Íslandi.
3. Afmælisgjöf frá BÍS: Fundarmenn fluttu sig aftur inn í Skátamiðstöðina og þar sem HSG ávarpaði fundinn og sagði m.a.: Í ár fögnum við okkar eigin aldarafmæli með því að gefa okkur sjálfum og íslenskri æsku, stórar og metnaðarfullar gjafir. Við gefum framtíðarsýn og verkfæri sem munu nýtast til að sjá hana rætast. Útgáfa nýrra foringjahandbóka, skátabóka og annars stuðningsefnis. Endurskoðun fræðslukerfis íslenskra skáta og ný sýn á það hvernig við nálgumst fullorðna í skátastarfi. Síðast en ekki síst, kaup á jörðinni Úlfljótsvatni, sem stuðla munu að enn frekari uppbyggingu þar skátum og almenningi til heilla.
Allt þetta og fleira sem unnið er að á vegum Bandalags íslenskra skáta, trúum við að muni stuðla að bættu mannlífi á Íslandi, því sterkari skátahreyfing getur þjónað fleiri börnum og veitt þeim þá jákvæðu upplifun og uppörfun sem Baden-Powell sagði að væri svo nauðsynleg í firrtu borgarsamfélagi.
4. Kaffiveitingar: BB bauð fundarmönnum og gestum að þiggja kaffiveitingar í tilefni dagsins.